

Notkun heimila og einstaklinga á tölvum og neti 2010

Use of computers and Internet by households and individuals 2010

Samantekt Árið 2010 voru tölvur á 93% heimila og 92% voru með nettengingu. Næri 60% íslenskra heimila voru með tvær eða fleiri tölvur og 54% voru með flatskjá.

Tölvu- og netnotkun er mjög almenn, en 96% landsmanna á aldrinum 16–74 ára höfðu notað tölvu síðustu þrjá mánuði fyrir rannsóknina og 95% höfðu tengst netinu. Athygli vekur að tæplega fjórðungur netnotenda tengdist neti utan heimilis með farsíma um 3G kerfi, sem er mikil aukning frá árinu 2009. Nær allir netnotendur, eða 94%, lásu vefútgáfur dagblaða og tímarita, 83% notuðu heimabanka og 70% höfðu notað samskiptasiður á borð við Facebook og Twitter. Næri helmingur landsmanna á aldrinum 16–74 ára höfðu verslað á netinu þegar miðað var við ár fram að rannsókn. Algengast var að fólk keypti miða á viðburði í gegnum netið, en verslun á farmiðum, gistingu og annarri ferðatengdri þjónustu hefur dregist saman frá fyrra ári.

Af öryggisögnum á netinu höfðu notendur mestar áhyggjur af því að börn kæm-
ust í óæskilegt efni á netinu eða í samskipti við hættulega aðila. Einnig voru nokkrar áhyggjur af tölvuormum, vírusum og trújuhestum, þó svo að flestir væru með vírusvarnir og uppfærðu öryggisbúnað reglulega. Flestir netnotendur, eða 74%, höfðu orðið fyrir óþægindum vegna óumbeðins tölvupósts, en 17% höfðu fengið vírus í tölvuna.

Í heftinu er yfirlit yfir helstu niðurstöður. Ítarlegri upplýsingar má finna á vef Hag-
stofunnar undir efnisliðnum *Upplýsingatækni*.

Inngangur

Hagstofa Íslands framkvæmdi í apríl síðastliðnum rannsókn á notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og neti. Er rannsókn þessi framkvæmd árlega og svara viðmælendur annars vegar spurningum um tæknibúnað á heimilum og hins vegar um eigin notkun á tölvum og neti.

Tæknibúnaður á heimilum

*59% heimila með tvær eða fleiri
tölvur*

Tölvur eru á 93% heimila, sem er svipað hlutfall og undanfarin ár. Fartölvur eru á 79% heimila og borðtölvur á 56% heimila, en niðurstöður sýna að tvær eða fleiri tölvur eru á 59% heimila. Hlutfall heimila með borðtölvu mældist nú 4% lægra en árið áður, en hlutfall heimila með fartölvu hafði hinsvegar hækkað um 4% (af



heildarfjöldi heimila). Á meðal annars tæknibúnaðar voru DVD spilarar á 82% heimila, flatskjáir á 54% heimila og leikjatölvur á 41% heimila (sjá nánar í töflu 1).

Tenging um kapal/ljósleiðara eykst á meðan DSL tengingum fækkar

Langflest heimili, eða 92%, voru með nettengingu og fjölgar nettengdum heimilum um 2% frá fyrra ári. Sem fyrr tengjast langflest heimili netinu með DSL¹ tengingu, eða í 83% tilfella. DSL tengingum hefur þó fækkað frá fyrra ári, en á móti hefur heimilum með kapal- eða ljósleiðaratengingu fjölgað, en slík tenging er á 9% heimila. Einnig nota 7% heimila 3G netlykil til að tengjast netinu.

Möguleikar til að tengjast netinu hafa aukist undanfarin ár. Á öllum nettengdum heimilum eru tölvur notaðar til að tengjast, en notkun annarra tækja til að vafra um netið hafa aukist undanfarin ár. Þannig eru farsímar notaðir á 24% heimila, leikjatölvur á 8% heimila og 7% tengjast netinu í gegnum sjónvarp með netbúnað.

Tölvu- og netnotkun einstaklinga

Tölvu- og netnotkun eykst

Í rannsókninni var spurt um notkun tölvu og netsins síðustu þrjú mánuði fyrir framkvæmd rannsókna. Tölvu- og netnotkun er mjög útbreidd meðal landsmanna og hefur aukist með hverju ári frá því að rannsókn þessi var fyrst gerð, árið 2002. Á síðustu þremur mánuðum fyrir rannsókn höfðu 96% landsmanna á aldrinum 16–74 ára notað tölvur og 95% höfðu tengst netinu. Eru það helst svarendur á aldrinum 65–74 ára sem draga þau hlutföll niður (sjá nánar töflu 3).

Nær allir tölvunotendur nota tölvu að minnsta kosti einu sinni í viku og 91% daglega. Sama gildir um netnotkun, en 90% netnotenda vafra um netið daglega (sjá nánar töflu 4).

Mikil aukning í notkun 3G farsíma til að tengjast neti

Undanfarin ár hefur netnotkun utan heimilis og vinnu færst í aukana. Tæplega þriðjungur netnotenda tengist netinu þráðlaust með fartölvu utan heimilis og vinnu. Einnig kemur fram mikil aukning á netnotkun með 3G farsímum frá fyrra ári. 24% netnotenda á aldrinum 16–74 ára tengjast netinu á þann hátt, samanborið við 10% árið 2009. Sérstaklega mikil aukning er á netnotkun ungs fólks í gegnum 3G farsíma. Notuðu 45% netnotenda á aldrinum 16–24 ára netið þannig, samanborið við 18% árið 2009.

Rafræn samskipti og almenn netnotkun

70% nota samskiptasíður, á borð við Facebook og Twitter

Spurt var hvað fólk hefði gert á netinu á síðustu þremur mánuðum fyrir rannsóknina. Ekki var verið að spyrja um notkun vegna vinnu. Netið er mikið notað til samskipta, þannig nota ríflega níu af hverjum tíu netið til að skiptast á upplýsingum í gegnum tölvupóst og 35% höfðu átt símtöl eða fjarfundi í gegnum netið. Nærri helmingur netnotenda hafði tekið þátt á spjallsíðum eða notað spjallforrit á borð við MSN. Í fyrsta skipti var nú spurt um notkun á samskiptasíðum á borð við Facebook og Twitter og sögðust 70% netnotenda á aldrinum 16–74 ára notað líkar síður, eða 62% karla og 79% kvenna. Töluverður munur er á notkun á Facebook, Twitter eða sambærilegum samskiptasíðum eftir aldri, en athygli vekur að á meðal kvenkyns netnotenda á aldrinum 55–74 ára voru 55% sem notuðu slíkar síður.

83% stunduðu bankaviðskipti á netinu.

Mikilvægur þáttur í netnotkun einstaklinga er að leita upplýsinga og nýta sér rafræna þjónustu hjá fyrirtækjum og opinberum aðilum. Þannig skoðuðu 94% netnotenda vefútgáfur dagblaða og tímarita, 90% leituðu upplýsinga um vörur og þjónustu, en 31% höfðu keypt vöru í gegnum netið. Þá höfðu 83% netnotenda

¹ ADSL, SDSL eða annars konar xDSL tenging.

stunduð bankaviðskipti í gegnum heimabanka og 68% höfðu nálgast upplýsingar á vefjum opinberra aðila. Þegar netnotkun er skoðuð eftir kyni þá er einna helst munur á notkun þegar kemur að niðurhali á leikjum og hugbúnaði, en 44% karla höfðu notað netið til slíks, en einungis 23% kvenna. Hins vegar var algengara að kvenkyns netnotendur leituðu upplýsinga varðandi heilsu og tengd málefni, en 53% kvenna sótti sér slíkar upplýsingar netið, en einungis 37% karla (sjá nánar töflu 6).

Viðskipti um netið

Tæplega helmingur hafði keypt vöru eða þjónustu um netið á árinu fram að rannsókn

Tæplega þriðjungur netnotenda höfðu pantað eða keypt vörur eða þjónustu í gegnum netið síðustu þrjá mánuði fyrir rannsókn, en ef miðað er við 12 mánaða tímabil fyrir framkvæmd rannsóknar þá hækkar þetta hlutfall í 47%. Netverslun hefur aukist lítillega frá fyrra ári og ívið algengara er að karlar versli á netinu en konur. Þannig höfðu 34% karla verslað í gegnum netið síðustu þrjá mánuði fyrir rannsókn, en 28% kvenna. Netverslun er algengust meðal netnotenda á aldrinum 35–44, eða 39%, en minnst meðal netnotenda á aldrinum 65–74 ára, en þó höfðu 18% þeirra pantað eða keypt vöru eða þjónustu á netinu síðust þrjá mánuði fyrir rannsókn.

Verslun á ferðatengdri þjónustu dregst verulega saman

Af tilteknum vörum eða þjónustu sem keypt var í gegnum netið á 12 mánaða tímabili fyrir rannsókn var algengast að keyptir væru aðgöngumiðar á viðburði, eða í 68% tilfella, og eykst úr 57% árið 2009. Farmiðar, gisting og annað ferðatengt efni var keypt í 57% tilfella, en athygli vekur hvað þeim sem versla ferðatengda þjónustu hefur fækkað undanfarin þrjú ár. Sama hlutfall var 81% í rannsókn sem framkvæmd var árið 2008, 68% í fyrra og svo 57% í ár. Kaup á gistingu vegur þyngst af ferðatengdri þjónustu, en af þeim sem versluðu á netinu keyptu 41% sér gistingu. Skipting netverslunar eftir vörum og þjónustu var að öðru leiti nokkuð svipuð og fyrri ár.

Verslun á fjarSKIPTAþjónustu meiri á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu

Þegar litið er á mun milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar er verslun um netið meiri á höfuðborgarsvæðinu hvað flesta liði varðar. Eru þó eru viðskipti á fjarSKIPTAþjónustu meiri á landsbyggðinni (58% í samanburði við 46% á höfuðborgarsvæðinu), og einnig verslun á heimilistækjum, að frágreindum raftækjum (30% á landsbyggðinni, en 20% á höfuðborgarsvæðinu). Nánari upplýsingar um verslun um netið út frá vöruflokkum og lýðfræði svarenda má finna í töflu 9.

Áhyggjur og reynsla af öryggisógnum á netinu

Áhyggjur helst af athæfi barna á netinu, en síst af peningastuld með fölskum upplýsingum

Sérstakt viðfangsefni rannsóknarinnar í ár voru *öryggisógnir á netinu*. Voru svarendur spurðir út í áhyggjur þeirra af ákveðnum öryggisógnum, þar sem þeir gátu gefið upp hvort þeir hefðu miklar, nokkrar, eða engar áhyggjur af viðkomandi ógnum. Í tilfelli orma, vírusa og trújuhesta höfðu 18% notenda miklar áhyggjur, 59% nokkrar áhyggjur, og 29% engar áhyggjur. Áhyggjur af því að fá óumbeðinn tölvupóst (eða *spam*) voru í 14% tilfella miklar, 37% tilfella nokkrar, og í 49% tilfella engar. Áhyggjur af því að persónulegar upplýsingar eða myndir væru misnotaðar voru í 18% tilfella miklar, 41% tilfella nokkrar, og í 42% tilfella engar. Peningastuldur með fölskum upplýsingum eða fölskum vefsíðum voru í 10% tilvika taldar vera mikið áhyggjuefni, nokkurt áhyggjuefni í 20% tilfella, og ekkert áhyggjuefni í 70% tilfella. Af misnotkun greiðslukorta höfðu 17% miklar áhyggjur, 39% nokkrar áhyggjur og 44% engar áhyggjur. Af þeim aðstæðum að börn kæmust í óæskilegt efni eða í samskipti við hættulega aðila, höfðu 35% miklar áhyggjur, 29% nokkrar áhyggjur og 36% engar áhyggjur. Eru þar með *miklar áhyggjur* algengastar af því að börn komist í óæskilegt efni eða í samskipti við hættulega aðila á netinu, *nokkrar áhyggjur* algengastar af ornum, vírusum og trújuhestum, og

engar áhyggjur algengastar af peningastuld með fölskum upplýsingum eða fölskum vefsíðum. Einnig má lesa úr þessum niðurstöðum að notendur hafi sambærilegar áhyggjur af misnotkun á persónulegum upplýsingum og myndum, og þeir hafa af misnotkun á greiðslukortum. Nánari niðurstöður um áhyggjur af öryggisógnum á neti má sjá á töflu 13.

Fólk hefur helst reynslu af óumbeðnum tölvupósti

Svarendur voru spurðir að því hvort þeir hefðu orðið fyrir einhverjum af þeim öryggisógnum sem upptaldar voru og höfðu 74% fengið óumbeðinn tölvupóst, 17% höfðu fengið vírus, en einungis á bilinu 1–3% höfðu orðið fyrir áður nefndum öryggisógnum, þ.e.a.s. misnotkun á persónulegum upplýsingum, peningastuldi með fölskum upplýsingum, misnotkun greiðslukorta, eða af því að börn kæmst í óæskilegt efni eða í samskipti við hættulega aðila. Nánari niðurstöður má sjá á töflu 14.

Vírusvarnir algengasti öryggisbúnaðurinn

Varðandi öryggisráðstafanir gegn fyrrgreindum ógnum í tölvum þá sögðust 92% netnotenda hafa einhvers konar öryggisbúnað. Flestir, eða 83% með vírusvörn, 54% voru með eldvegg, 43% með tölvupóstsíu og 17% með vefsíu. 85% netnotendur segjast uppfæra öryggisbúnað reglulega (sjá nánar töflu 15).

Gagnasöfnun og úrvinnsla

Úrtak og heimtur

Úrtak rannsóknar var 2.100 manns, sem valdir voru af handahófi úr þjóðskrá. Úrtaksrammi náði yfir einstaklinga sem við upphaf rannsóknar voru á aldrinum 16–74 ára og með búsetu á Íslandi. Svarhlutfall var u.þ.b. 80%.

Spurningalisti og gagnaöflun

Rannsóknin byggir á samræmdum spurningalista frá hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Niðurstöðurnar eru því samanburðarhæfar við niðurstöður kannana í löndum Evrópska efnahagssvæðisins. Rannsóknin fór fram í gegnum síma, en nokkrum dögum fyrir úthringingar sendi Hagstofan bréf til einstaklinga í úrtakinu þar sem tilgangur og framkvæmd rannsóknarinnar voru kynnt. Öllum var fjálst að neita þátttöku.

Útreikningar

Heildarstærðir og hlutfallsskiptingar einstaklinga eru reiknaðar með því að vega hvert svar með tilliti til aldurs og kyns. Þegar heildarstærðir og hlutfallsskiptingar heimila eru reiknaðar er hvert svar vegið með fjölda heimilismanna á aldrinum 16–74 ára. Ítarlegri upplýsingar um rannsóknina má finna undir vörulýsingum á slóðinni www.hagstofa.is/upplýsingataekni.

Tekjuflokkar og innfylling þeirra

Heimilistekjur eru heildartekjur allra heimilismanna á mánuði fyrir skatt í íslenskum krónum. Niðurstöður fyrir tekjur heimilis eru birtar fyrir sex tekjubil:

- 0–200 þúsund
- 201–400 þúsund
- 401–600 þúsund
- 601–800 þúsund
- 801–1.000 þúsund
- Meira en 1 milljón

Fyrir einstaklinga sem neituðu að svara eða gátu ekki svarað til um tekjur heimilis voru þær áætlaðar útfrá öðrum þáttum og fylgni þeirra við heimilistekjur. Voru þessir þættir: fjöldi heimilismanna, fjöldi heimilismanna á aldrinum 16–74 ára, fjöldi sjónvarpstækja, fjöldi fartölva og fjöldi borðtölva.

Framsetning niðurstaðna

Niðurstöður mælinga fyrir tæknibúnað á heimilum eru settar fram eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis. Niðurstöður mælinga á notkun á tölvum og neti eru settar fram eftir kyni, aldri, búsetu, menntun og atvinnu. Allar niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í veftöflum Hagstofunnar. Slóðin á veftöflurnar er www.hagstofa.is/upplýsingataekni.

English Summary

In 2010, computers were in 93% of households in Iceland, and 92% of households had internet connection. Approximately 60% of households had more than one computer, and 54% had flat screen television sets.

The use of computers and internet by individuals is widespread, with 96% of the population, in the age range of 16–74 year olds, having used a computer in the three months leading up to the survey, and 95% having connected to the internet. Approximately a quarter of internet users had connected to the internet outside of their homes and workplaces using mobile phones with a 3G system, which is a considerable increase from the year 2009. Most internet users, or 94%, read online newspapers or magazines, 83% used internet banking, and 70% had used social networking sites, such as Facebook and Twitter. Approximately half of the population of ages 16–74 had purchased goods and services over the internet when asked about a period of one year leading up to the survey. Most commonly, people had used the internet to purchase tickets to events, while purchases of flights, accommodation, and other travel related services had dropped down considerably from the year before.

Of security threats mentioned in the survey, the users had the highest level of concern regarding children accessing inappropriate material or coming in contact with potentially dangerous individuals. There also was a considerable concern over computer worms, viruses, and Trojan horses, although most users had an anti-virus software on their computers, and updated their security software regularly. Most users, or 74%, had received unsolicited emails, while 17% had had their computers infected with viruses.

Tafla 1. Tæknibúnaður á heimilumTable 1. *Information and communication technology in households 2010*

Hlutfall heimila <i>Percent of households</i>	Tölva ¹ <i>Computer¹</i>	Borðtölva <i>Desktop computer</i>	Fartölva <i>Laptop computer</i>	Lófátölva <i>Palm top</i>	Tvær tölvur eða fleiri ² <i>More than one computer²</i>	Nettenging <i>Internet connection</i>	Mynd- bandstæki <i>VCR/Video recorder</i>
Alls <i>Total</i>	93	56	79	7	59	92	64
Búseta <i>Residence</i>							
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	94	56	81	8	60	93	61
Landsbyggð <i>Other regions</i>	91	57	75	5	57	90	68
Heimilisgerð <i>Type of household</i>							
Heimili án barna yngri en 16 ára <i>Households without child(ren) under 16 years</i>	88	53	70	5	48	87	64
Heimili með barn/börn yngri en 16 ára <i>Households with child(ren) under 16 years</i>	100	61	90	9	73	100	63
Tekjur heimilis í ísl. krónum <i>Household income in ISK</i>							
0–200 þúsund <i>thousand</i>	74	41	54	1	28	72	58
201–400 þúsund <i>thousand</i>	92	49	74	4	47	92	64
401–600 þúsund <i>thousand</i>	98	63	85	7	68	98	67
601–800 þúsund <i>thousand</i>	100	66	88	7	76	99	63
801–1.000 þúsund <i>thousand</i>	100	61	95	11	80	100	65
Meira en 1 milljón <i>Over 1 million</i>	100	67	96	22	87	100	64

1 Borðtölva, fartölva eða lófátölva. *Desktop computer, laptop computer or palm top.*2 Samtala borðtölva og/eða fartölva. *Sum of desktop computers and/or laptop computers.*

DVD spilari <i>DVD player</i>	Tónhlaða <i>iPod/MP3- player</i>	Leikjatölva <i>Games console</i>	Blue-Ray spilari <i>Blue-Ray player</i>	Flatskjár <i>Flat screen TV</i>	Stafrænt sjónvarp <i>Digital TV or set top box</i>	Heima- bíó <i>Home theater system</i>	Tvö sjón- varpstæki eða fleiri <i>More than one TV set</i>
82	61	41	2	54	63	31	50
82	63	40	2	55	62	31	47
83	57	42	2	53	65	32	54
77	46	22	2	50	57	24	41
90	80	67	2	61	72	41	61
64	31	17	1	27	39	14	24
78	49	37	0	52	59	28	41
87	66	46	3	57	70	33	59
92	81	49	3	69	74	39	59
93	84	55	4	72	79	48	66
95	90	60	3	75	76	49	75

Tafla 2. Tegundir nettenginga á heimilum 2010*Table 2. Type of Internet connections in households 2010*

Hlutfall heimila með aðgang að netinu <i>Percent of households with access to the Internet</i>	ADSL eða önnur xDSL <i>ADSL or other types of xDSL</i>	ISDN eða mótald/módem <i>ISDN or dial-up telephone line</i>	Kapal-/ ljósleiðara-/ ethernettinging <i>Wired fixed</i>	Netlykill, 3G <i>Wireless mobile connection via 3G</i>
Alls Total	83	1	9	7
Búseta Residence				
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	84	1	11	6
Landsbyggð <i>Other regions</i>	80	2	6	8
Heimilisgerð Type of household				
Heimili án barna yngri en 16 ára <i>Households without child(ren) under 16 years</i>	83	1	7	7
Heimili með barn/börn yngri en 16 ára <i>Households with child(ren) under 16 years</i>	83	1	11	7
Tekjur heimilis í íslenskum krónum				
Household income in ISK				
0–200 þúsund <i>thousand</i>	70	1	11	10
201–400 þúsund <i>thousand</i>	83	1	7	6
401–600 þúsund <i>thousand</i>	84	2	9	7
601–800 þúsund <i>thousand</i>	86	2	8	7
801–1.000 þúsund <i>thousand</i>	88	1	12	9
Meira en 1 milljón <i>Over 1 million</i>	90	-	11	5

Tafla 3. Tölvu- og netnotkun einstaklinga 2010
 Table 3. *Individuals' use of a computer and the Internet 2010*

Hlutfall heildarmannfjölda <i>Percent of population</i>	Tölvunotkun <i>Use of a computer</i>	Netnotkun <i>Use of the Internet</i>
Allir <i>All</i>	96	95
Karlar <i>Males</i>	97	96
16–24 ára <i>years</i>	100	98
25–54 ára <i>years</i>	99	98
55–74 ára <i>years</i>	90	89
Konur <i>Females</i>	94	94
16–24 ára <i>years</i>	98	97
25–54 ára <i>years</i>	98	98
55–74 ára <i>years</i>	83	83
Búseta <i>Residence</i>		
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	97	96
Landsbyggð <i>Other regions</i>	94	94
Menntun <i>Education</i>		
Skyldunám <i>Primary</i>	93	90
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	96	95
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	99	99
Atvinna <i>Occupation</i>		
Námsmaður <i>Student</i>	100	98
Starfandi <i>Employed</i>	98	97
Aðrir <i>Others</i>	82	81

Skýringar *Notes:* Viðmiðunartími er þrjú mánuðir fyrir framkvæmd rannsóknar. *Reference time is three months prior to the survey.*

Tafla 4. Tíðni tölvu- og netnotkunar einstaklinga 2010

Table 4. Frequency in the use of a computer and the Internet 2010

Hlutfall tölvu- og netnotenda <i>Percent of computer and Internet users</i>	Tölvunotkun <i>Use of a computer</i>			Netnotkun <i>Use of the Internet</i>		
	Daglega <i>Daily</i>	Sjaldnar en Einu sinni í viku <i>Less than once a week</i>		Daglega <i>Daily</i>	Sjaldnar en Einu sinni í viku <i>Less than once a week</i>	
		Einu sinni í viku <i>Once a week</i>	einu sinni í viku <i>Less than once a week</i>		Einu sinni í viku <i>Once a week</i>	einu sinni í viku <i>Less than once a week</i>
Allir <i>All</i>	91	6	2	90	8	2
Karlar <i>Males</i>	93	6	2	92	6	1
16–24 ára <i>years</i>	98	1	1	97	3	0
25–54 ára <i>years</i>	93	6	1	93	6	1
55–74 ára <i>years</i>	87	10	3	86	11	3
Konur <i>Females</i>	90	7	3	89	9	2
16–24 ára <i>years</i>	96	3	1	97	3	0
25–54 ára <i>years</i>	92	5	2	90	8	2
55–74 ára <i>years</i>	78	16	6	74	20	6
Búseta <i>Residence</i>						
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	93	6	1	92	7	1
Landsbyggð <i>Other regions</i>	89	8	3	88	9	3
Menntun <i>Education</i>						
Skyldunám <i>Primary</i>	86	10	4	86	10	3
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	90	8	2	88	10	2
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	98	2	0	97	3	0
Atvinna <i>Occupation</i>						
Námsmaður <i>Student</i>	98	2	0	97	3	0
Starfandi <i>Employed</i>	92	6	2	91	8	2
Aðrir <i>Others</i>	80	14	6	79	15	6

Skýringar Notes: Tölvu- og netnotendur eru þeir sem hafa notað tölvu eða net á síðustu þremur mánuðum. *Computer and Internet users are those who have used a computer or the Internet three months prior to the survey.*

Tafla 5. Tenging við net utan heimilis 2010Table 5. *Individuals' use of Internet enabled mobile devices 2010*

Hlutfall tölvu- og netnotenda <i>Percent of computer and Internet users</i>	Farsími um WAP eða GPRS <i>Mobile phone via WAP or GPRS</i>	Farsími um UMTS eða 3G <i>Mobile phone via UMTS or 3G</i>	Lófátölva <i>Palm top</i>	Fartölva <i>Laptop</i>
Allir <i>All</i>	6	24	3	31
Karlar <i>Males</i>	9	28	5	32
16–24 ára <i>years</i>	6	36	5	38
25–54 ára <i>years</i>	11	31	6	34
55–74 ára <i>years</i>	3	9	3	19
Konur <i>Females</i>	3	21	2	29
16–24 ára <i>years</i>	3	53	3	44
25–54 ára <i>years</i>	4	15	2	29
55–74 ára <i>years</i>	1	4	1	17
Búseta <i>Residence</i>				
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	6	25	4	32
Landsbyggð <i>Other regions</i>	5	22	2	28
Menntun <i>Education</i>				
Skyldunám <i>Primary</i>	3	26	2	28
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	5	24	4	27
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	9	23	4	37
Atvinna <i>Occupation</i>				
Námsmaður <i>Student</i>	5	38	3	50
Starfandi <i>Employed</i>	7	23	4	27
Aðrir <i>Others</i>	2	11	1	24

Skýringar *Notes:* Tölvu- og netnotendur eru þeir sem hafa notað tölvu eða net á síðustu þremur mánuðum. *Computer and Internet users are those who have used a computer or the Internet three months prior to the survey.*

Tafla 6. Rafræn samskipti og almenn netnotkun einstaklinga 2010Table 6. *Online communication and activities of individuals on the internet 2010*

Hlutfall netnotenda <i>Percent of Internet users</i>	Notað tölvupóst <i>Sent or received e-mails</i>	Átt símtöl um netið <i>Telephoned over internet</i>	Tekið þátt á spjall-síðum eða spjall-forritum <i>Used chat sites or instant messaging</i>	Hlaðið inn eigin efni, t.d. texta eða myndum <i>Uploaded self-created content: text, photos</i>	Notað samskipta-síður: Twitter, Facebook <i>Used networking sites: Twitter, Facebook</i>	Notað net til að auka þekkingu á málaflokki <i>Consulted internet with purpose of learning</i>	Skoðað fréttavefi eða vefútgáfur dagblaða og tímarita <i>Read or downloaded online news, newspapers, magazines</i>	Fengið sendar fréttir, með fréttaskrift á neti <i>Subscribed to online news services</i>	Skoðað ferða-þjónustu-vefi <i>Looked at travelling service websites</i>
Allir <i>All</i>	93	35	46	44	70	76	94	14	62
Karlar <i>all</i>									
Males, total	92	36	44	42	62	77	94	15	61
16–24 ára <i>years</i>	95	35	72	67	87	83	88	14	47
25–54 ára <i>years</i>	94	38	46	44	64	79	96	18	65
55–74 ára <i>years</i>	83	31	13	14	30	65	94	10	63
Konur <i>all</i>									
Females, total	94	34	49	47	79	74	94	13	64
16–24 ára <i>years</i>	96	40	82	78	97	83	92	10	62
25–54 ára <i>years</i>	96	34	48	44	81	76	93	16	65
55–74 ára <i>years</i>	88	27	15	22	55	58	97	6	60
Búseta <i>Residence</i>									
Höfuðb.svæði <i>Capital region</i>	95	39	48	46	71	79	94	17	67
Landsbyggð <i>Other regions</i>	90	28	44	41	68	70	94	9	55
Menntun <i>Education</i>									
Skyldunám <i>Primary</i>	87	27	48	48	76	62	89	10	50
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	93	38	45	40	64	75	94	10	59
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	99	39	46	46	73	89	97	22	77
Atvinna <i>Occupation</i>									
Námsmaður <i>Student</i>	96	37	74	74	91	88	91	13	54
Starfandi <i>Employed</i>	94	36	42	39	67	75	95	15	66
Aðrir <i>Others</i>	85	28	35	33	60	60	92	12	53

Skýringar *Notes:* Spurt var um notkun í eigin þágu á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar. *Respondents were asked about for which private purpose they had used the Internet in the last three months prior to the survey.*

Leitað upplýsinga um vöru og þjónustu	Pantað eða keypt vörur eða þjónustu	Selt vörur eða þjónustu	Tekið þátt í nám- skeiðum á netinu	Leitað um fram- boð á menntun	Leitað að vinnu sent inn atvinnu- umsóknir	Leitað upp- lýsinga v. heilsu eða heilbr.- mála	Niðurhal á hug- búnaði öðrum en leikja-	Hlustað á vefútvarp/ horft á vefsjón- varp	Spilun eða niðurhal á tónlist, leikjum, kvikm.	
<i>Notað heima- banka Used internet banking</i>	<i>Searched for infor- mation Ordered or purchased goods and services</i>	<i>Sold goods or services</i>	<i>Partici- pated in online courses</i>	<i>Searched for infor- mation on edu- cation</i>	<i>Job seeking, sent job application</i>	<i>Searched for health related infor- mation</i>	<i>Down- loaded software, other than gaming</i>	<i>Listened to webradio/ watched web TV</i>	<i>Played or downl. music, games, or movies</i>	
83	90	31	17	10	46	23	45	34	69	42
82	90	34	20	11	41	24	37	44	72	45
82	92	31	24	13	57	54	31	59	75	77
86	93	38	23	12	43	20	40	47	74	45
72	79	23	7	4	22	9	33	21	63	13
83	90	28	13	9	51	21	53	23	67	39
83	90	29	12	8	66	53	40	30	66	75
88	93	31	17	10	51	16	59	23	67	34
66	81	16	3	8	33	3	45	14	65	16
87	91	31	17	10	48	25	48	37	72	44
75	89	29	17	9	41	19	39	28	65	38
70	85	24	14	7	38	30	32	28	58	48
83	89	29	20	10	45	23	43	30	67	38
93	96	38	16	12	54	16	57	43	82	43
83	93	28	17	12	65	56	38	47	70	73
85	92	33	17	9	43	13	46	33	72	37
68	76	19	14	9	34	33	45	21	55	26

Tafla 7. Kaup einstaklinga um netið 2010Table 7. *Individuals' Internet commerce 2010*

Hlutfall netnotenda <i>Percent of Internet users</i>	Á sl. þremur mánuðum <i>In the last 3 months</i>	Á sl. tólf mánuðum <i>In the last 12 months</i>
Allir <i>All</i>	31	47
Aldur <i>Age</i>		
16–24 ára <i>years</i>	30	48
25–34 ára <i>years</i>	39	59
35–44 ára <i>years</i>	36	55
45–54 ára <i>years</i>	28	43
55–64 ára <i>years</i>	20	35
65–74 ára <i>years</i>	18	20
Karlar alls <i>Males, total</i>	34	49
16–24 ára <i>years</i>	31	48
25–54 ára <i>years</i>	38	54
55–74 ára <i>years</i>	23	34
Konur alls <i>Females, total</i>	28	45
16–24 ára <i>years</i>	29	49
25–54 ára <i>years</i>	31	51
55–74 ára <i>years</i>	16	25
Búseta <i>Residence</i>		
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	31	48
Landsbyggð <i>Other regions</i>	29	45
Menntun <i>Education</i>		
Skyldunám <i>Primary</i>	24	39
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	29	44
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	38	58
Atvinna <i>Occupation</i>		
Starfandi <i>Employed</i>	28	48
Námsmaður <i>Student</i>	33	50
Aðrir <i>Others</i>	19	29

Tafla 8. Vöru- og þjónustukaup einstaklinga um netið 2004–2010Table 8. *Goods/services purchased over the Internet by individuals 2004–2010*

Hlutfall þeirra sem keyptu um netið <i>Percent of people doing Internet commerce</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Matvæli, hreinlætisvörur <i>Food, groceries</i>	5	4	6	6	8	10
Hluti til heimilis, ekki raftæki <i>Household goods, excluding electronic equipment</i>	20	21	15	24	27	24
Lyf <i>Medicine</i>	2	4
Tónlist, kvikmyndir <i>Music, films etc.</i>	28	32	35	35	38	30
Bækur, tímarit, fjarkennsluefni <i>Books, magazines, e-learning material</i>	36	37	41	44	46	43
Föt, skór, íþróttavörur <i>Clothes, sport goods</i>	20	23	22	28	29	34
Hugbúnaður, tölvuleikir <i>Computer software</i>	19	29	30	26	34	35
Vélbúnaður fyrir tölvur, prentarar <i>Computer hardware</i>	10	11	9	8	9	9
Raftæki, myndavélar <i>Electronic equipment, cameras</i>	11	14	12	15	16	12
Hlutabréf, tryggingar <i>Shares, insurances</i>	7	15	19	16	14	7
Farmiðar, gisting o.fl. ferðatengt <i>Travel, accommodation etc.</i>	71	78	79	81	68	57
Gisting á ferðalögum <i>Accommodation on travels</i>	41
Aðgöngumiðar á viðburði <i>Tickets for events</i>	25	37	48	56	57	68
Happdrætti, veðmál, lottó <i>Lotteries, bettings</i>	12	16	17	17	22	21
Fjarskiptaþjónusta, t.d. áskrift að sjónvarpi eða síma <i>Telecommunication services</i>	47	50
Kennsluefni á rafrænu formi <i>Online educational material</i>	19
Annað <i>Other goods/services</i>	7	13	13	8	9	7

Tafla 9. Vöru- og þjónustukaup einstaklinga 2010

Table 9. Goods/services purchased over the Internet by individuals 2010

Hlutfall einstaklinga sem pöntuðu eða keyptu um netið á sl. 12 mánuðum <i>Percent of individuals doing Internet commerce in the last 12 months</i>	Matvæli, hreinvæðis- vörur <i>Food, groceries</i>	Hluti til heimilis, ekki raftæki <i>Household goods, excluding electronic equipment</i>	Lyf <i>Medicine</i>	Tónlist, kvik- myndir <i>Music, films etc.</i>	Bækur, tímarit, fjarkennslu- efni <i>Books, magazines, e-learning material</i>	Föt, skór, íþrótta- vörur <i>Clothes, sport goods</i>	Hug- búnaður, tölvuleikir <i>Computer software</i>	Vél- búnaður fyrir tölvur, prentarar <i>Computer hardware</i>
Allir <i>All</i>	10	24	4	30	43	34	35	9
Karlar alls <i>Men total</i>	10	20	3	36	38	30	51	14
16–24 ára <i>years</i>	9	17	5	47	24	30	64	20
25–54 ára <i>years</i>	12	23	3	36	41	36	52	12
55–74 ára <i>years</i>	3	11	3	19	42	3	28	14
Konur alls <i>Women total</i>	10	28	5	24	48	37	18	3
16–24 ára <i>years</i>	13	29	3	31	35	58	10	1
25–54 ára <i>years</i>	10	27	5	23	52	36	21	4
55–74 ára <i>years</i>	5	26	5	23	49	5	13	0
Búseta <i>Residence</i>								
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	12	20	3	35	48	33	38	9
Landsbyggð <i>Other regions</i>	7	30	6	22	34	34	30	8
Menntun <i>Education</i>								
Skyldunám <i>Primary</i>	8	25	2	28	25	39	28	7
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	11	25	5	29	36	35	39	11
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	11	22	4	33	60	29	36	9
Atvinna <i>Occupation</i>								
Starfandi <i>Employed</i>	14	24	3	37	38	45	36	6
Námsmaður <i>Student</i>	9	23	4	29	44	32	35	9
Aðrir <i>Others</i>	8	33	9	34	40	28	39	9

1 Til dæmis áskrift að sjónvarpi, breiðbandi, síma eða farsíma, eða inneign fyrir farsíma. *For example TV or phone subscriptions or prepaid phone cards.*

Raftæki, myndavélar <i>Electronic equipment, cameras</i>	Hlutabréf, tryggingar <i>Shares, insurances</i>	Farmiðar, gisting o.fl. ferðatengt <i>Travel, accommo- dation etc.</i>	Gisting á ferðalögum <i>Accommo- dation on travels</i>	Aðgöngu- miðar á viðburði <i>Tickets for events</i>	Happdrætti, veðmál, lottó <i>Lotteries, bettings</i>	Fjarskipta- þjónustu, t.d. áskrift að sjónvarpi eða síma ¹ <i>Telecomm- unication Services¹</i>	Kennsluefni á rafrænu formi <i>Online educational material</i>	Annað <i>Other goods /services</i>
12	7	57	41	68	21	50	19	7
16	9	58	44	69	24	51	17	8
18	4	24	14	67	29	57	13	12
14	10	64	48	71	25	56	19	6
18	14	76	61	64	14	19	13	10
7	5	57	38	67	17	50	20	6
7	7	46	26	72	17	76	29	3
8	4	59	42	67	17	47	18	7
5	5	64	33	62	15	18	18	5
12	8	61	45	74	21	46	20	6
12	6	51	34	58	21	58	16	8
9	4	38	25	58	23	58	16	7
14	7	56	36	69	21	53	17	7
11	9	70	55	73	19	43	21	6
11	7	39	34	69	18	57	28	2
11	7	62	43	68	21	49	16	8
18	5	51	37	69	26	48	23	7

Tafla 10. Upprunaland söluaðila á netinu 2010Table 10. *Origin of sellers of goods and services over the Internet 2010*

Hlutfall einstaklinga sem pöntuðu eða keyptu um netið á sl. 12 mánuðum <i>Percent of those doing Internet commerce in the last 12 months</i>	Innlend fyrirtæki <i>Icelandic sellers</i>	Fyrirtæki innan ESB <i>Sellers from the European Union</i>	Bandarísk fyrirtæki <i>Sellers from the United States</i>	Fyrirtæki annars staðar frá <i>Sellers from the rest of the world</i>
Allir <i>All</i>	71	40	50	8
Kyn <i>Sex</i>				
Karlar alls <i>Men total</i>	69	45	54	11
Konur alls <i>Women total</i>	74	33	46	6
Búseta <i>Residence</i>				
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	66	45	59	9
Landsbyggð <i>Other regions</i>	81	30	33	7

Skýringar *Notes:* Viðmiðunartími spurningar er tólf mánuðir fyrir framkvæmd rannsóknar. *Reference time of the question is twelve months prior to the survey.*

Tafla 11. Samskipti einstaklinga við opinbera aðila 2010Table 11. *Individuals' interaction with public authorities via the Internet 2010*

Hlutfall netnotenda <i>Percent of Internet users</i>	Náð í upplýsingar á vefsíður opinberra aðila <i>Obtained information from public authorities' websites</i>	Náð í eyðublöð á vefsíður opinberra aðila <i>Downloaded official forms from public authorities' websites</i>	Sent eyðublöð eða skýrslur til opinberra aðila <i>Sent filled in forms to public authorities</i>
Allir <i>All</i>	78	65	62
Karlar <i>Males</i>	80	65	63
16–24 ára <i>years</i>	73	54	48
25–54 ára <i>years</i>	85	71	69
55–74 ára <i>years</i>	69	58	60
Konur <i>Females</i>	77	64	60
16–24 ára <i>years</i>	78	58	53
25–54 ára <i>years</i>	80	68	64
55–74 ára <i>years</i>	66	57	56
Búseta <i>Residence</i>			
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	79	66	63
Landsbyggð <i>Other regions</i>	77	63	59
Menntun <i>Education</i>			
Skyldunám <i>Primary</i>	65	48	47
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	77	63	60
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	92	80	76
Atvinna <i>Occupation</i>			
Námsmaður <i>Student</i>	79	62	57
Starfandi <i>Employed</i>	80	67	65
Aðrir <i>Others</i>	66	52	50

Skýringar *Notes:* Viðmiðunartími spurninga er 12 mánuðir fyrir framkvæmd rannsóknar. *Reference time is 12 months prior to the survey.*

Tafla 12. Aðgengi vefsíðna opinberra aðila 2010Table 12. *Accessibility of public authorities' websites 2010*

Hlutfall þeirra sem leita upplýsinga á heimasíðum opinberra aðila <i>Percent of those obtaining information from public authorities' websites</i>	Hversu vel eða illa gengur þér að finna upplýsingar á vefjum opinberra aðila? <i>Do you find it easy or hard finding information on public authorities' websites?</i>		
	Mjög eða frekar vel <i>Very or rather easy</i>	Hvorki vel né illa <i>Neither easy nor hard</i>	Mjög eða frekar illa <i>Very or rather hard</i>
Allir <i>All</i>	73	21	6
Kyn <i>Sex</i>			
Karlar <i>Males</i>	72	22	6
Konur <i>Females</i>	74	21	5
Aldur <i>Age</i>			
16–24 ára <i>years</i>	76	18	6
25–34 ára <i>years</i>	70	22	8
35–44 ára <i>years</i>	73	21	6
45–54 ára <i>years</i>	73	21	6
55–64 ára <i>years</i>	71	24	5
65–74 ára <i>years</i>	76	24	0
Búseta <i>Residence</i>			
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	71	23	7
Landsbyggð <i>Other regions</i>	76	19	4

Tafla 13. Reynsla af öryggisógnumTable 13. *Experiecnre with online security threats*

Hlutfall þeirra sem keyptu um netið <i>Percent of people doing Internet commerce</i>	Fengið vírus, orm, eða trójuhest <i>Cought vir- uses orms, or Trojan horses</i>	Fengið óumbeðin tölvupóst <i>Received usolicited emails, or spam</i>	Orðið f. misnotnun á pers. upp- lýsingum <i>Exp. Abuse of pers. information</i>	Tapað peningum á fölskum skilaboðum/ vefsíðum <i>Lost money on false messages/ sites</i>	Tapað peningum á misnotkun gr.korta <i>Lost money on fraudu- lent card use</i>	Börn komist í óæskileg- ar síður/ í samb. við hættul. aðila <i>Children accessing inapr. sites/ had contact w. danger- ous indiv.</i>
Allir <i>All</i>	17	74	2	1	3	3
Karlar alls <i>Males, total</i>	20	75	3	1	2	3
16–24 ára <i>years</i>	21	77	4	1	0	3
25–54 ára <i>years</i>	22	77	3	1	3	3
55–74 ára <i>years</i>	13	69	1	0	3	1
Konur alls <i>Females, total</i>	14	72	2	1	3	3
16–24 ára <i>years</i>	18	82	3	1	1	1
25–54 ára <i>years</i>	14	74	2	0	4	4
55–74 ára <i>years</i>	8	58	0	1	2	0
Búseta <i>Residence</i>						
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	16	77	3	0	4	3
Landsbyggð <i>Other regions</i>	19	69	1	1	1	3
Menntun <i>Education</i>						
Skyldunám <i>Primary</i>	19	65	3	1	2	3
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	17	74	2	0	2	2
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	16	82	2	1	4	3
Atvinna <i>Occupation</i>						
Starfandi <i>Employed</i>	17	78	3	1	1	3
Námsmaður <i>Student</i>	17	75	2	1	3	3
Aðrir <i>Others</i>	20	60	2	0	3	2

Tafla 14. Áhyggjur af öryggisógnum á netinu
 Table 14. Worries about security threats on the internet

Hlutfall netnotenda Percent of Internet users	Af ornum, vírusum, og trújuhestum <i>Worries about catching worms, viruses, or Trojan horses</i>			Af því að fá óumbeðin tölvupóst eða spam <i>Worries about getting unsolicited emails or spam</i>			Af misnotkun á persónulegum upplýsingum eða myndum <i>Worried about abuse of personal information or pictures</i>		
	Miklar	Nokkrar	Engar	Miklar	Nokkrar	Engar	Miklar	Nokkrar	Engar
	<i>Very much</i>	<i>Somewhat</i>	<i>Not at all</i>	<i>Very much</i>	<i>Somewhat</i>	<i>Not at all</i>	<i>Very much</i>	<i>Somewhat</i>	<i>Not at all</i>
Allir <i>All</i>	18	53	29	14	37	49	18	41	42
Karlar <i>all</i> Males, total	17	49	34	15	30	56	16	38	46
16–24 ára <i>years</i>	9	38	53	7	21	73	9	36	56
25–54 ára <i>years</i>	18	53	29	17	33	50	18	43	39
55–74 ára <i>years</i>	20	48	32	16	28	55	15	26	59
Konur <i>all</i> Females, total	18	58	24	14	45	41	20	43	37
16–24 ára <i>years</i>	13	54	33	12	36	52	21	40	38
25–54 ára <i>years</i>	21	62	18	15	50	35	21	47	32
55–74 ára <i>years</i>	15	50	35	12	37	51	13	35	52

Af peningastuld með fölskum upplýsingum eða fölskum vefsíðum <i>Worries about financial loss because of fraudulent messages or fake websites</i>			Af misnotkun greiðslukorta <i>Worried about financial loss due to fraudulent payment card use</i>			Af því að börn komist í óæskilegt efni/samskipti við hættulega einstaklinga <i>About children accessing inappropriate sites/connecting w. dangerous persons</i>		
Miklar <i>Very much</i>	Nokkrar <i>Somewhat</i>	Engar <i>Not at all</i>	Miklar <i>Very much</i>	Nokkrar <i>Somewhat</i>	Engar <i>Not at all</i>	Miklar <i>Very much</i>	Nokkrar <i>Somewhat</i>	Engar <i>Not at all</i>
10	20	70	17	39	44	35	29	36
9	20	72	16	37	47	29	33	38
7	13	80	13	33	55	15	35	50
10	24	66	18	38	45	34	36	31
8	13	79	16	37	47	26	24	50
11	20	68	18	41	41	41	25	34
8	15	77	14	30	56	35	23	42
14	23	63	20	45	35	45	28	27
7	18	75	15	38	47	32	19	49

Tafla 15. Öryggisráðstafanir á netinu

Table 15. Safety measures on the internet

Hlutfall þeirra sem keyptu um netið Percent of people doing Internet commerce	Einhvers konar öryggis- ráðstafanir Some sort of security software	Vírusvörn/ njósnavörn Antivirus/ anti- spyware	Eld- veggur Firewall	Tölvu- póstsia filter An email filter	Vefsia Web filter	Annars konar búnaður Other type of system	Óvíst hvað öryggis- búnaður felur í sér Uncertain of function of system	Öryggis- búnaður uppfærður reglulega Update software regularly
Allir All	92	83	54	43	17	1	18	85
Karlar alls Males, total	92	83	64	47	18	2	13	85
16–24 ára years	94	88	75	40	16	1	9	87
25–54 ára years	91	82	65	51	21	2	13	84
55–74 ára years	90	82	47	38	12	1	17	86
Konur alls Females, total	93	83	44	39	15	1	25	86
16–24 ára years	92	84	45	31	18	1	23	81
25–54 ára years	94	84	48	45	16	0	24	88
55–74 ára years	89	81	33	26	6	0	29	81
Búseta Residence								
Höfuðborgarsvæði Capital region	92	83	55	44	17	1	18	86
Landsbyggð Other regions	92	84	53	41	17	1	19	85
Menntun Education								
Skyldunám Primary	92	85	47	34	16	1	21	83
Stúdent eða iðnnám Secondary	90	81	55	43	17	1	18	84
Nám á háskólastigi Tertiary	94	85	60	50	17	2	16	89
Atvinna Occupation								
Starfandi Employed	94	85	60	40	16	2	18	87
Námsmaður Student	93	84	55	46	17	1	19	86
Aðrir Others	86	79	41	30	15	1	18	81

Hagtíðindi
Statistical Series

95. árg. • 60. tbl.

ISSN 0019-1078

Upplýsingatækni
Information technology

2010:1

ISSN 1670-4592 (prentútgáfa print edition) • ISSN 1670-4606 (rafræn útgáfa PDF)

Verð kr. Price ISK 1.300 • € 11

Umsjón Supervision Árni Fannar Sigurðsson • arni.sigurdsson@hagstofa.is

Sími Telephone +(354) 528 1000

Bréfasími Fax +(354) 528 1099

afgreidsla@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands Statistics Iceland • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. Please quote the source.

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series